

Föstudagurinn, 19. september 2003

205. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 28/2003

Kvörtun Bændaferða ehf. yfir notkun Úrvals-Útsýnar á orðinu bændaferðir

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 9. apríl 2002, kvarta Bændaferðir ehf. yfir að Úrval-Útsýn noti orðið bændaferðir um tiltekna ferðir fyrirtækisins. Forsaga málsins er að Agnar Guðnason hefur undanfarin 36 ár m.a. starfað að skipulagningu hópferða til útlanda undir nafninu Bændaferðir. Upphaf Bændaferða má rekja til ársins 1953 en þá voru þær á vegum Búnaðarfélags Íslands. Árið 1966 tók Agnar við skipulagningu ferðanna fyrst á vegum Búnaðarfélags Íslands, síðan Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins og þá fyrir Stéttarsamband bænda. Árið 1999 stofnaði Agnar einkahlutafélagið Bændaferðir og fékk leyfi til rekstrar ferðaskrifstofu undir sama nafni. Upphaflega voru Bændaferðir einungis fyrir bændur en sl. 12 ár hafa Bændaferðir verið opnar öllum. Að sögn kvartanda hefur nú borið á því að auglýsingar frá Úrvali-Útsýn á Úrvalsbændaferðum hafi valdið misskilningi. Ýmsir sem áður hafi ferðast með Bændaferðum hafi skráð sig í Úrvalsbændaferð í þeirri trú að Bændaferðir stæðu að baki þessum ferðum.

Með erindi Bændaferða fylgdu m.a. afrit auglýsingar Úrvals-Útsýnar þar sem Úrvalsbændaferð 2002 er auglýst sem „Bændaferðir = ódýrar rútufurðir, opnar fyrir alla“, og Úrvalsbændaferðakynning sem „...kynning á bændaferðum Úrvals-Útsýnar... Allir velkomnir og bændur líka!“

2.

Erindi Bændaferða var sent Úrvali-Útsýn til umsagnar, með vísan til 25. gr. samkeppnislaga, með bréfi dagsettu 17. apríl 2002. Svar fyrirtækisins er dags. 29. apríl 2002. Þar segir að Bændaferðir hafi ekki einkarétt á að nota orðið bændaferðir þar sem það hafi almenna merkingu. Úrval-Útsýn hafi í allnokkur ár boðið ýmsa sérþjónustu sem auðkennd hafi verið með forskeytinu Úrvals-. Í fyrri hafi verið skipulagðar sérstakar ferðir fyrir bændur og legið hafi beint við að auðkenna þjónustuna með sérheitinu Úrvalsbændaferðir. Ekki verði séð að nafngiftin brjóti rétt á Bændaferðum þar sem orðið sé algengt og notað um hópferðalög bænda ýmist á vegum samtaka þeirra eða ferðaskrifstofa innanlands og utan. Hvað varði 25. gr.

Samkeppnislaga hafi það aldrei verið ætlunin að villa um fyrir viðskiptavinum. Hafi einhver misskilið auglýsingar Úrvals-Útsýnar þannig að verið væri að auglýsa Bændaferðir skrifist það á fljótfærni þar sem merki Úrvals-Útsýnar hafi alltaf verið mjög áberandi í auglýsingum á þessum ferðum fyrir bændur. Með vísan til framangreinds telji fyrirtækið sig vera í fullum rétti til að nota orðið Úrvalsbændaferðir um þjónustuna.

3.

Bréf Úrvals-Útsýnar var sent Bændaferðum til umsagnar með bréfi dagsettu 30. apríl 2002. Athugasemdir bárust með bréfi, dags. 6. maí 2002. Þar kemur fram að Bændaferðir viti eingöngu um eina ferð sem skipulögð hafi verið og auglýst sem sérstök bændaferð af Úrvali-Útsýn. Ferðin hafi verið um kúariðusvæði Englands á árinu 2001 og hafi Bændaferðir verið gagnrýndar af bændum og öðrum þar sem álitnið hafi verið að Bændaferðir stæðu fyrir ferðinni. Forysta Bændasamtakanna hafi verið gagnrýnd fyrir að stöðva ekki Bændaferðir og landbúnaðarráðherra verið marg spurður hvort landbúnaðarráðuneytið ætlaði að leyfa slíka ferð með íslenska bændur. Gagnrýnin sýni að orðið bændaferðir tengist ferðaskrifstofunni Bændaferðum og Bændasamtökunum. Þá hafi farþegar í Úrvalsbændaferð til Búdapest og Prag ítrekað vitnað í ferðina sem bændaferð en ekki Úrvalsbændaferð. Áframhaldandi notkun Úrvals-Útsýnar á orðinu bændaferðir geti skaðað það vinsamlega viðhorf sem ávallt hafi ríkt gagnvart Bændaferðum. Eftir langvarandi skipulagningu hópferða undir nafninu Bændaferðir hljóti fyrirtækið að hafa skapað sér vissan rétt á nafninu.

4.

Með bréfi, dags. 13. maí 2002, var Úrvali-Útsýn gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum. Engar bárust.

Með bréfi, dags. 23. ágúst 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var fyrirtækjunum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

Með bréfi til málsaðila, dags. 13. febrúar 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun að töf yrði á afgreiðslu málsins sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 19. september 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Sigurbjörn Þorbergsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í erindi Bændaferða er kvartað yfir notkun Úrvals-Útsýnar á orðinu bændaferðir, einu sér og sem hluta í samsettu orði, Úrvalsbændaferðir, yfir tilteknar ferðir sem fyrirtækið býður upp á. Bændaferðir hafi verið starfræktar frá árinu 1953, upphaflega á vegum bændasamtaka, en árið 1966 hafi Agnar Guðnason tekið við skipulagningu ferðanna og árið 1999 hafi hann stofnað einkahlutafélag um reksturinn. Að undanfögnu hafi farið að bera á auglýsingum frá ferðaskrifstofunni Úrvali-Útsýn á bændaferðum sem kvartandi telur að skapi ruglingshættu á milli fyrirtækjanna.

Úrval-Útsýn telur Bændaferðir ekki hafa einkarétt á notkun orðsins bændaferðir þar sem orðið hafi almenna merkingu og sé víða notað. Fyrir nokkru hafi fyrirtækið skipulagt sérstakar ferðir fyrir bændur og hafi þótt eðlilegt að kalla þær Úrvalsbændaferðir. Ekki hafi staðið til að villa um fyrir neytendum.

Í erindi kvartanda er ekki vísað til ákveðinna greina samkeppnislaga en að mati samkeppnisráðs kemur 25. gr. laganna til álita. Greinin hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málslíður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérköggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlæg veiti auðkennunum. Firmanafn er sérstaklega tilgreint í lagagreininni. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslíðu 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Eins og fram hefur komið hefur kvartandi notað orðið Bændaferðir allt frá árinu 1953 og fengið það skráð sem einkahlutafélag árið 1999. Úrval-Útsýn hefur aftur á móti haldið því fram að orðið bændaferðir sé algengt og notað um hópferðir ferðir bændanna innanlands og utan. Ljóst er að orðið bændaferðir er samsett úr tveim almennum íslenskum orðum, bændur og ferðir. Við vinnslu málsins hafa ekki fundist dæmi um orðið bændaferðir í íslenskum orðabókum m.a. ekki í Íslenskri orðabók, þriðju útgáfu,

2002. Þá er orðið ekki að finna í Orðabók Háskólans skv. upplýsingum þaðan. Að mati samkeppnisráðs er orðið bændaferðir ekki almennt orð í íslensku og hníga því rök að því að orðið bændaferðir sé fyrst og fremst notað í tengslum við fyrirtækið Bændaferðir.

Með langri notkun orðsins Bændaferðir og með skráningu þess er það mat samkeppnisráðs að heitið hafi öðlast markaðsfestu sem aðgreini fyrirtækið frá keppinautum á markaðnum. Hafi það leitt til einkaréttar yfir orðinu. Verndin nái m.a. til þess að önnur fyrirtæki noti ekki heitið Bændaferðir eða orðið bændaferðir þannig að ruglingshætta skapist. Með hliðsjón af framansögðu er það mat samkeppnisráðs að réttur Bændaferða til notkunar firmanafnsins sé verndaður af 1. málslíð 25. gr. samkeppnislaga og ber þá að líta til þess hvort notkun á orðinu bændaferðir gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.

Úrval-Útsýn hefur notað orðið bændaferðir bæði eitt sér og sem hluta af samsettu orði. Í erindi Bændaferða eru nefnd dæmi um rugling sem skapast hefur af notkun Úrvals-Útsýnar á orðinu s.s. almenna umræðu um auglýsta ferð bænda á kúariðusvæði. Samkeppnisráð telur ljóst að ruglingur hafi átt sér stað og sé notkun Úrvals-Útsýnar á orðinu bændaferðir til þess fallin að valda ruglingi á milli fyrirtækjanna. Jafnvel þó svo merki Úrvals-Útsýnar komi fram í auglýsingunum sé engu að síður sú hætta fyrir hendi að neytendur telji að um tengsl sé að ræða á milli fyrirtækjanna einkum með hliðsjón af því að fyrirtækin starfa á sama markaði. Að mati samkeppnisráðs er því notkun Úrvals-Útsýnar á orðinu bændaferðir einu og sér eða sem hluta af öðru orði til þess fallin að ruglast megi á því og á firmanafni kvartanda og geti þar af leiðandi gefið villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Notkun Úrvals-Útsýnar brýtur því gegn ákvæðum 1. málslíðar 25. gr. samkeppnislaga.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með notkun á orðinu bændaferðir einu sér eða sem hluta af samsettu orði, Úrvalsbændaferðir, í auglýsingum sínum hefur Úrval-Útsýn, Lágmúla 4, Reykjavík, brotið gegn 1. málslíð 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“